

8
E

ÍSLENSK SMÁRIT

HANDA ALPÝÐU

ÚTGEFANDI BOGI TH. MELSTED

I.

EYSTEINN ÁSGRÍMSSON

LILJA

FINNUR JÓNSSON

BJÓ TIL PRENTUNAR

KAUPMANNAHÖFN
PRENTUÐ Í PRENTSMÍÐJU S. L. MÖLLERS.
1913

Lilja er hið dýrðlegasta kvæði, sem kveðið hefur verið á íslenska tungu, enda segir orðtækið: „Öll skáld vildu Lilju kveðið hafa“. Nú er Lilja þó flestum Íslendingum ókunn. Smárit þessi byrja því með handhægri útgáfu af henni handa alþýðu.

Lilja hefur nokkrum sinnum verið gefin út áður handa lærðum mönnum og erlendum þjóðum, en aldrei handa íslenskri alþýðu. Útgáfa þessi er rjettari en fyrri útgáfunar, af því að sá maður hefur búið hana undir prentun, sem til þess er færastur og rannsakað hefur handritin af henni.

Það er eigi gert ráð fyrir því, að smárit þessi verði mörg; þó fer það nokkuð eptir því, hverjar viðtökur þau fá hjá alþýðu. Það eitt verður í þau tekið, sem fróðleikur er í og almenningi má að gagni verða eða til góðs og skemtnunar. Ef smáritunum verður vel tekið, verða gefnar út í þeim nokkrar sögur og alþýðleg smárit og greinar eptir Pál Melsteð. Vita allir Íslendingar hvernig hann sagði frá og ritaði.

28. desember 1912.

B. Th. M.

Allur rjettur er áskilinn.

Aðalútsala hjá Arinb. Sveinbjarnarsyni, bóksala í Reykjavík.

Eysteinn Ásgrímsson.

Eysteinn, höfundur Lilju, var Ásgrímsson, en ætt hans er að öðru leyti ókunn, sömuleiðis uppvöxtur hans. Það er ekki ólíklegt, að hann hafi verið sunnlenskur að ætt eða skaftfelskur, því að hið fyrsta, er vjer vitum um hann, er að hann var múnkur í Þykkvabæ í Veri, nokkru eflir 1340. Í annál Einars prests Hafliðasonar stendur m. a. við árið 1343: „Item þá kom ok út Jón byskup Sigurðsson; tók hann Arngrím ok Eystein ad correctionem [til typtunar], bræðr í Veri í Þykkvabæ, fyrir þat er þeir börðu á Þorláki ábóta sinum, var Arngrím settr í tájárn, en Eysteinn í hálsjárn“. Sama stendur og í Flateyjarannál, og þar er þriðji „bróðirinn“ nefndur (Magnús) og því bætt við, að „þeir hafi orðið opinberir at saurlífi, sumir at barneign“. Það er ekki fagurt hið fyrsta sem vjer frjettum af Eysteini. Og svo mikið rennum vjer nú þegar grun í, að hann hafi verið skapsmunamaður og líklega heldur ódæll. En hvernig málinu hafi lyktað, vitum vjer ekki. Efalaust má telja, að hann hafi bætt ráð sitt og orðið að beygja sig, lofa bót og betrun. Það er eins og Finnur biskup hafi

haft einhverjar frekari heimildir en vjer, því að hann segir (í 4. bindi kirkjusögunnar, 60. bls.), að ábótinn hafi haft í hyggju að fara til Noregs og kæra málið fyrir erkibiskupi, en það hafi ekki orðið úr því og hafi hann þá stökkið til Viðeyjar og verið þar vetrarlángt (líklega veturinn 1342—43). Sögusögn er það og ekki annað, að Eysteinn hafi kveðið Lilju í fangelsinu, og því aukið við, að hann hafi átt að kveða sig upp úr því, og fleira hjátrúarkent er þar tengt við. Friðast við kirkjuna hefur Eysteinn, því að 1349 var hann gerður officialis (á Helgafelli). Árin 1353—54 var hann handgenginn Gyrð biskupi í Skálholti (1349—60); hann var norrænn. Eysteinn er þá með Gyrð við máldagagerðir (Skarð á Landi; Fell í Kollafirði). 1355 fóru þeir báðir utan til Noregs, og er ekki getið annars en að þá hafi alt verið vel með þeim. Gyrður kom út árið eftir, en Eysteinn ekki fyr en 1357; hafði hann þá verið tekinn inn í klaustrið á Elgisetri (við Niðarós; hann er kallaður „canonicus regularis de sancta sede“; Elgi- skýrt sem Helgi-). Kom hann nú út ásamt Eyjólfí kórsbróður Brandssyni, og voru báðir sendir af erkibiskupi sem „visitatores Islandiæ“. Einn dómur þeirra er prentaður í Fornbr.s. III 116—20 (um veiði í Laxá í Þingeyjarsýslu). Samastaðar er prentaður samningur þeirra um viðskifti Gyrðs biskups og leikmanna. Þessir visitorar hafa gert sig ærið ráðrika, eftir því sem sagt er, og fje-gjarna. Út af því reis fjandskapur með þeim, einkum Eysteini, og Gyrð biskupi, og kom svo, að Gyrður hannaferði Eystein (1359). Svo stendur í Gottskálks annál: „herra Gyrðr byskup bjóz til utanferðar sakir þungra greina. er í kómu meðal hans ok bróður Ey-

steins; setti Eysteinn byskupi stefnur til erkibyskups, en byskup lýsti banni yfir Eysteini; hafði hann ok ætlat at sigla með byskupi til Nóregs. Gekk bróðir Eysteinn litlu síðar til handa ok sættuz at fullu. Gyrðr skipaði Eysteini officialis starf um Vestfjörðu“. Það litur svo út sem Eysteinn hafi verið sáttfús maður, þrátt fyrir stórlæti sitt. Árið eftir fór Eysteinn utan aftur og fjekk mjög harða útivist og vosbúð; þar um segir annállinn: „kom skip þat er bróðir Eysteinn var á við Hálogaland mjök seint um haustit ok voru mjök at þrotum komnir mest sakir drykkjarleysis“. Við ár 1361 stendur loks (í Gottskálks annál): „Bróðir Eysteinn kom til Helgisets í Þrándheimi nærri kyndilmessu, en andaðiz á langaföstu nándir passionem domini“ (þ: í nánd við föstudaginn lánga). Svo stutt er lífssaga þessa manns eftir sögulegum heimildarritum.

En hann orti Lilju, og hún sýnir oss inn í hugskot höfundar síns að nokkru. Hún sýnir oss, að maðurinn hlýtur að hafa verið mjög geðrikur, maður fullur af andagift og maður þrúnginn af orðgnótt og mælsku, og þar að auki mjög trúheitur maður með þeirri barnslegu einfeldnistrú, sem ríkti á hans dögum og reyndar að sumu leyti ríkir enn í dag. Allir þessir eiginleikar gerðu Lilju að því kvæði sem hún er.

Hið sögulega yfirlit, eða biblíusaga, kvæðisins er tekin úr almennum guðfræðis- eða kenslubókum, og samlíkingarnar, sem stundum finnast þar, t. d. sú um fæðingu Krists (geislinn gegnum glerið; 33. v.) eru ekki fundnar af Eysteini, heldur eru þær teknar eftir almennum orðatiltækjum kirkjunnar. Að því leyti til er kvæðið ekki frumlegt.

Kvæðinu er skift í kafla. Fyrst og síðast eru 25 visur — fyrsta og síðasta vísan orðrjett eins; „almáttigr guð“ átti að vera upphaf þess og endir —; hinar 50 vísurnar eru stefjabálkar með tvennu stefi, og er kvæðið að þessu leyti svo fullkomlega reglulegt og samræmilegt, að fæst kvæði standa Lilju jafnfætis.

Hvenær Lilja sje ort, vitum vjer ekki. En gömul sögn er til, er lætur Eysteinn hafa kveðið hana í fángelsinu á Þykkvabæ. Jón Egilsson segir í Biskupa-annálum sínum: „Eptir það var Eysteinn borinn í róg [við Gyrð] og sögð upp á hann kona, svo biskup setti hann í myrkvastofu og þar kvað hann Lilju. Ekki þar um fleira“. Hjer er víst tvennu blandað saman. En það er ekki ósennileg tilgáta, að kvæðið hafi verið ort út úr þeim atburði, sem hjer er átt við, Þykkvabæjarmálunum.

F. J.

LILJA.

1. Almáttigr guð, allra stétta
yfirbjóðandi engla og þjóða
ei þurfandi stað né stundir,
staði haldandi í kyrleiks valdi,
senn verandi úti og inni,
uppi og niðri og þar í miðju,
lof sé þér um aldr og ævi,
eining sönn í þrennum greinum.

2. Æskig þína miklu miskunn,
mér veitiz, ef eg eptir leita
klökkum hug, því að inniz ekki
annað gott nema af þér til drottinn.
Hreinsa brjóst og leið með listum
loflig orð í stuðla skorðum,
stefnlig görð að vísan verði
vunnin yðr af þessum munni,

3. Beiði eg þig, mær og móðir,
mínum að fyr umsjá þína
renni mál af raddartólum
réttferðugt í visum sléttum,
skýr og sæt af vörum vórum
vorðin svó, að mætti, orðin,
laugaz öll í glóanda gulli,
guði værig þau skyldr að færa.

4. Fyrri menn, er fræðin kunnu
forn og klók af heiðnum bókum,
slungin mjúkt af sínum kóngum
sungu lof með danskri tungu;
í þvilíku móður-máli
meir skyldumz eg en nökkur þeira
hrærðan dikt með ástar-orðum
alsvaldanda kóngi að gjalda.

5. Sköpun og fæðing, skírn og prýði,
skynsemi full, er betri er gulli,
dreyrinn Krists af síðu-sári,
synda líkn og dagligt yndi,
háleit vón á himnasælu,
hrygðin jarðar neztu bygðar,
bjóða mér í frásögn færa
fögr stórmerkin drottins verka.

6. Herra guð, sá hverjum er dýrri,
himin og jörð í fystu görði,
prýddi hann með þryssvar þrennum
(það er rétt trúá mín) engla stéttum,
áðr var hann þó, jafn og síðan,
ærin sér en skepnan væri;
görði hann heim og teygði tíma
tvó jafnaldra í sínu valdi.

7. Mektarfullr, sá er af bar öllum
í náttúru skærleik sínum,
skapaður góðr, og skein í prýði,
skapara næstr í vegsemd hæstri,
eigi lét sér allvel nægja
engill mekt, þá er hafði fengið,
meðr ofbeldi öðlaz vildi
æðra sess og virðing bæði.

8. Fýstiz hann með ofsa æstum
að viðr líkjaz yfrið rikum
guðs eingetnum syni, og síðan
sér nægjandi öngum vægja.
Fúll metnaðrinn er með öllu
óvarliga, sem ritning próvar,
ætla sér við dýran drottin
deila megni — hversu er vegnar.

9. Svó er greinanda, á samri stundu
sem engillinn tók að spillaz,
söktiz hann með sínum grönnum
sem blývarða í djúpleik jarðar,
blindan þar sem föður sinn fjandann
feiknt ofbeldit kvelr í eldi;
fávis er sá, er feðgin þessi
faðma vill, en síðunum spilla.

10. Dagarnir sex að visu vuxu
veltiligir um sjávarbelti,
áðr en fengi alla prýði
jörð og lopt, er drottinn görði,
pressað vatn í himininn hvassa,
hjörn og eld sem merkistjörnur,
hagl og dýr sem fiska og fugla,
fagran plóg og aldinskóga.

11. Breytti guð, og brá til hætti,
blóð og hold af vatni og moldu,
léttan blástr af lopti hæsta,
lífs heitleik af sólarreitum,
önd og þar til síðan sendi,
sú er skiljandi drottins vilja
leið kunnandi um líkams æðar,
líf skinanda af helgum anda.

12. Sá er leiðandi maðr af móður
 moldu og þó með skæru holdi,
 Ádám nefndur, alls í heimi
 átti ráð með frelsi og náðum.
 Höfginn rann svó hægr á þenna
 heims stýranda, fekk hann skýra
 andagipt, þá er síðan sýndi,
 svó vorðinna spádóms-orða.

13. Út leiðandi af Ádáms síðu
 Évu brátt, sem Móises váttaf,
 vist með æru, vald og ástir
 vísa gaf hann þeim paradísar,
 þangað til er þau með englum,
 það er bliðan mest, lifði síðan
 meðr afspringi alt það er fengi
 ævinliga og þakkir gæfi.

14. En að verðleikrinn vis á jörðu
 vyrði sök til himnadyrðar
 boðorðið eitt inn bliði drottinn
 býður þeim í skyldu að hlýða:
 „epli er eitt er eg banna að bita
 báðum ykkur, en þið munuð ráða;
 deyja skuluð, ef efnið eigi
 einfalt boð með dyggileik hreinum“.

15. Þrútnar, svellr og unír við illa
 engill, bann sá er hafði fengið,
 fyrða sveitin ef, fædd á jörðu,
 fáir þar vist, er sjálfr hann misti,
 og bruggandi dauðans dreggjjar
 dulðiz hann fyr augsjón manna;
 fjölkunnigr í einum innan
 ormi tók hann mál að forma.

16. Sem próvandi segir til Évu:
 „svara mér skjótt, en hvi hefir dróttinn
 sætast ykkur blóm að bita
 bannað, en lofað þó flest alt annað?“
 Svó fór það, að svaraði Éva
 sem margbrugðinn fjandinn hugði:
 „Að eigi við lífs af leiðum
 léttliga hröpum á dauðans stéttir.“

17. Léttliga fann þar ljósa váttaf
 léttleika í svaranna reiki;
 því treystiz hann framt að freista
 flærðum settr og talar með prettum:
 „Eigi munuð ið Ádám deyma
 andlits hvít, þótt eplið bitað,
 heldr munuð með heiðr og valdi
 hosk og rík við guðdóm líkjaz.“

18. Auðgint mjög því Éva trúði,
 át hún blóm, en tapaði sóma,
 og til með sér Ádám teygði,
 át hann það, er hann vissi bannað,
 ugði hann, að Éva stygðiz,
 ef neitaði hann bæn að veita;
 fjandinn gat svó í fystu blindað
 feðgin vár með nógu dári.

19. Refsar þeim að réttum dómi
 ríkr herra fyr ódygð slika,
 rak þau braut af sæmdar-sæti
 snauð og nökt í písl og dauða;
 veltuz aum í veslum heimi
 víða lands, þar er nær öll síðan
 lýða kind með sárum syndum
 sendiz framm af Ádáms lendum.

20. Remman brast af rót í kvistu,
rann þá glæpr af hverjum til annars,
leið svó heimr um langa tíma
lífs andvani, en fullr af grandí,
léttir hvárki ugg né ótta,
eitt er mest, er þó er á lesti:
opið helvíti, búið með bölví,
bauð sig framm við hvers manns dauða.

21. Heimr er dauðr, en hvað er til ráða?
Hvar getr þann, er sér megi bjarga?
Hvergi, því að í synða saurgun
sannliga hverr að þyngir annan.
Eitt er til, það er eg vil votta
(á eg grátandi frammi að standa):
attú sjálfr inn dýri drottinn
dugir nú ferð, svó lifguð verði.

22. Veitt er líf, það er varð og mátti,
veitt er líf, það er Ádám neitti,
sú miskunn á settum tíma
sendiz framm af guðdóms hendi,
ljós í heim að lifanda kæmi,
lifanda vist, það er kvaldar andir
tæki á braut úr djöfla diki —
dýrð englanna slíku stýrði.

23. Tendraz öll og talar með snilli
tungan mín af herra sinum,
um stórmerkin á hún að yrkja
yfirspennanda heima þrenna;
bjúg og sár í bandi væri,
bandi rétt ins nezta fjanda,
nema hjálpræði guðs ið góða
gefið á jörð mig leystan hefði.

24. Nær og firr með skygnleik skýrum
skipandi alt með syni og anda
föðrpersóna engli einum
erindi býðr, en þessi hlýðir:
„fljúg og seg það Máriu meyju
mætri, þeiri er eg skal gæta,
minn einga son holdi hennar
hlýðinnar vill hjörtu skryðaz“.

25. Móðir oss er Mária þessi,
mektarblóm og full af sóma,
glæsilig sem roðnust rósa
runnin upp við lifandi brunna,
rót ilmandi litillætis,
logandi öll með skirleiks anda,
guði unnandi og góðum mönnum,
guði líkjandi í dygðum slíkum.

26. Engi sé eg að jarðlig tunga,
inn háleiti stjörnureitar
drottinn, þér, sem verðugt væri,
vandað fái nú stef til handa.
Sé þér dýrð með sannri prýði,
sunginn heiðr af öllum tungum
eilifliga með sigri og sælu,
sæmd og vald þitt minkaz aldri.

27. Leið, sigrandi páfugls prýði,
pentað innan firmamentum,
Gábriél sem geisli sólar
gleðiligur í lopt in neðri;
sendiboði kom sjaufalds anda,
svó er greinanda, að húsi einu,
sannr meydómrinn sat þar inni,
sjálft hreinlífið, gimsteinn vífa.

28. Og svó veik að meyju mjúkri:

„Mária hlýð nú orðum várum,
frægast víf, þér færig áve,
full miskunnar sætum brunni,
samangaupnandi sína sköpnu,
sannr höfðinginn engla og manna,
byggir þér fyr brjósti skæru,
blessuð mæ, þú ert sprundum hæri.“

29. Heyrði og trúði, en undraz orðin

jungfrú kyrr, því vissi hún fyrri
aldri kvaddan mann á moldu
með þvílíkri tignarkveðju.

Fyrirbjóðandi henni að hræðaz,
höfuðengillinn talaði lengra:

„guð himnanna framm mun fæðaz,
frúin skinandi, af holdi þínu.“

30. Fréttir nú með hverjum hætti

henni bæri til fögnuð þenna,
borgarmúr svó að brysti hvergi
byggð geymandi hreinleiks dygða.
Engill segir að ei muni syngaz
jungfrú blið, þó að sveininn smíði
haglig myndun heilags anda,
hold og bein af líkama hreinum.

31. Loptin öll af ljósi fyllaz,
legir og grund þau stóðu og undraz,
kúguð sjálf svó nærri nógu
náttúran sér ekki mátti.

Giptiz öndin guðdóms krapti
góðu og huldiz Máriu blóði,
glaðrar dvelz í jungfrú iðrum
ein persóna þrennar greinar.

32. Hjörtun játi, falli og fljóti
fagnaðarlaug af hvers manns augum,
æ þakkandi miskunn mikla,
minn drottinn í holdgan þinni.
Sé þér o. s. frv.

33. Fimm mánuðum og fjórum síðar
fæddiz sveinn af meyju hreinni,
skygnast sem þá er glerið í gegnum
geisli brár fyr augum várum;
glóar þar sól, að glerinu heilu,
gleðiligt jóð það skein af móður,
að innsigli höldnu hennar
hreinferðugra meydóms greina.

34. Engi heyrðuz, engi vurðu
jöfnu tíðindi fyrr né síðar,
hæði senn því mey og móður
mann og guð bauð trúan að sanna.
Loptin sungu komnum kóngi
kunnigt lof þar er hirðar runnu,
himna dýrð er hneigð að jörðu,
hér samtengduz menn og englar.

35. Þó var ei svó rik að reifa
rikust móðir ætti góða,
því var kóngurinn hörðu heyi
huldr, að mætti firraz kulda.
Umsniðningar Jésú prýði
átti dagr að fæðing vátta,
æsiz blóð um líkama ljósan,
lagaz minnilig tár af kinnnum.

36. Á þrettánda dag til drottins
dýrðar-menn, er rikjum stýrðu
austr í heim, með offri kvómu

ungan mann að heiðra þannig.
Umrennandi sex að sinnum
sex daga grein og fjórum einum
offraz kaus fyr oss að vísu
Jésús sjálfr í musteris hválfi.

37. Vigðiz oss, þá er vatni dögðiz
valdr himnanna á þritugsaldri,
Jórdánar við æðar hreinar;
Jón baptista drotni þjónar.
Þessi ástvinrinn Jesús Kristí
er nú vátr, að þann dag mátti
samskinandi á grænni grundu
guðs þrenning með lýðum kennaz.

38. Finn eg alt að manvit manna
mæðiz þegar að um skal ræða
máttinn þinn, inn mildi drottinn,
meiri er hann en görvalt annað.
Sé þér o. s. frv.

39. Undraz tók inn forni fjandi
fæddan mann, er skilja var bannað,
og þvilíkt sem andinn segði
orðin slik af tungu forðum:
„þikki mér sem nýjung nökkur
nálgiz heim og ættir beima,
eitthvað klókt mun drottinn dikta;
duldr em eg þess, það ferr af huldu.

40. Jesúsú tigna engla rásir
uppi og niðri af heimi þriðja,
stjörnuljós og færðar fórnir,
friðar samband á hverju landi;
slik afla mér sóttar-auka
sönn stórmerkinn veitt hjá mönnum;

kviðig að hans remming ráða
riði mér að báðum síðum.

41. Föðurætt hans trúig fá munu hitta,
finz móðernið hér með þjóðum,
því er atferðin Jesúsú burðar
undarlig, svó að skil eg það varla.
Ekki er mér á þessum þokki,
þann veg ferr þeim unga manni,
aldri var sá fyrr á foldu
fæddur maðr, er eg næsta hræddumz.

42. Þystr er hann og fölr af föstu,
firriz hlátr, en kann að gráta,
mæðiz hann og er móður sinnar
mjólku fæddr, en reifum klæddiz;
finn eg þó, að í slíku sannaz
sjálf náttúran manndóm vátar,
fýsir mig því framm að æsa
flein ódygðar honum að meini.

43. Mér virðiz sem miklu hæra
mætr guði hann Ádám sæti,
áðr eg sveik þau Évu bæði
ærusnað í myrkr og dauða.
Satt er, að fæstir sjá við prettum,
svó mun enn um Jesúsú þenna,
því treystumz eg framt að freista,
forðum hefi eg slægvittr orðið“.

44. Son Máriu, sonr inn dýri,
son menniligr guðs og hennar,
kenn þú mér að forðaz fjandann
fjólunnigan, en þér að unna.
Sé þér o. s. frv.

45. Frétt hefig hitt, að freistar drottins

föstumóðs með ýmsum löstum
púkans slægð, að hvern mann hugðiz
hvekkjum vanr í synd að blekkja.
Vélakrings af vöfðum strengjum
vundin opt, og sneruz á lopti,
skeytin öll ins flærðar-fulla
fjanda brjóst í gegnum standa.

46. Þessu næst ins kæra Kristí
kenning tók um bygð að renna,
líf-þjónandi lærisveina
leitar, finnr, og þar með veitir
blindum, hrjúfum, dumbum, daufum,
dauðum, krömdum, ærum, lömdum
augu, græðing, orð, að hlýða,
andir, heilsu, vizku, að standa.

47. Þetta sér hann fjandi, að fættiz
fólkið hans og liz það vansi,
dæmin góð að vaxa víða,
verri brögð og lýtin þverra.
Þúkinn kvaldur þeygi þoldi
þenna leik, er harðan kennir,
þvi flýtandi sínar sveitir
syndabryót að drepa sem skjótast.

48. Leiðan dreng að ljótum ráðum
lokkar hann (sá er Jésum manna)
yfirmorðinginn (innan hirðar,
Júdas nefndr, er óvænt stefndi);
mildan guð við silfri seldi
sveitum þeim, er Júðar heita,
fullum upp af grimdar galli,
grenjaði þjóstr í þeira brjósti.

49. Fúsir hlupu og fundu Jésum,

fundinn hröktu, lömdu og bundu,
bundinn leiddu, hæðnir hæddu,
hæddan, rægðan slógu og afklæddu,
fjandans börnin þröngum þyrni
þessum spenna um blessað ennið,
þessir negla Krist á krossinn,
keyra járn, svó stökk út dreyri.

50. Ættim vér á Jésum drottin
ifunarlaust með fullu trausti
út af hjartans instum rótum
allir senn með gráti að kalla.
Sé þér o. s. frv.

51. Yfirmeistarinn allra lista,
Jésús góðr, er lífgar þjóðir,
kenn þú mér að stilla og stýra,
steflig orð megi tungan efla.
Ævinliga með lyktum lófum
lof ræðandi á kné sin bæði
skepnan öll er skyld að falla,
skapari minn, fyr ásján þinni.

52. Eru æ minnilig eptirdæmi
yfirbjóðanda himins og landa,
hneigði nú sinn háls og vægði
hverjum þræl, er lysti að berja,
fátalaðr með lítillæti,
lágraustaðr með ásján fagra,
svó bjóðandi í sáran dauða
sína önd fyr nauðsyn mína.

53. Hrækjandi þá höfuðin skóku
heiðingjar sem Júðar leiðir;
flestir allir flýðu Kristí
fylgdarmenn við storminn þenna.

Minnaz verður og má eg ei annað,
móðir guðs í tárur flóði;
mætti verða, að minnar sóttar
minnaz vildi hún eitthvert sinni.

54. Höfuðdrottningin harmi þrungi
(hneigð og lút hún skalf af sítum)
færðiz nær, þá er fell úr sárum
fossur blóðið niðr um krossinn;
þrútnar brjóst, en hjartað hristiz,
hold er klökt, en öndin snökkti,
augun tóku að drukna drjúgum
döpr og móð í tára-flóði.

55. Rödd engilsins kvennmann kvaddi,
kvadda af engli drottinn gladdi,
gladdiz mæð þá er föðurinn fæddi,
fæddan sveininn reifum klæddi,
klæddan með sér löngum leiddi,
leiddr af móður faðmunn breiddi,
breiddr á krossinn gumna græddi,
græddi hann oss, er helstrið mæddi.

56. Þó grét hún nú, sárur síta
sverði nist í bringu og herðar,
sitt einbernið, sjálfan drottin,
sá hún hanganda á nöglum stangaz,
armar sviddu af brýndum broddum,
brjóst var mætt; með þessum hætti
særðiz bæði sonr og móðir
sannheilög fyr græðing manna.

57. Fyr Máriu faðm inn dýra,
fyr Máriu grát inn sára
lát mig þinnar lausnar njóta
lifandi guð með föður og anda.

Ævinliga o. s. frv.

58. Syni Máriu svartir færa
seggir blandað gall með dreggjum,
fulla smán og flestar þínur
fundu þeir, en heimrinn stundi.
Fölnar skinn og fellr að enni,
fættaz orð, en þverrar mætti,
öndin leið af Jésú þíndum,
yfirvaldanda himins og landa.

59. Eg segi rétt, að engi mætti
ógrátandi vörurum láta,
Jésú minn, ef letrið læsi
linhjartaðr af þíslum þínum,
þvi að náttúran æpti af ótta
öll skjálfandi, en himnar sjálfir
týndu ljósi, er berr vart bundinn,
bifaðiz hauðr í þínum dauða.

60. En í andláti Jésú sæta
oss er flutt, að gægaz á krossinn
fjandinn hafi og frétt að syndum
færaglöggr, ef nökkur væri.
Hlægir mig, að hér mun teygjaz
hans forvitni sér til vansa,
eigi mun nú ormr inn þjúgi
agn svelgjandi á króki fagna.

61. Öll helvitis járnhlið skjálfa,
undraz myrkr, að ljós er styrkra,
hlaupa fjandr og ætla undan,
ódæmin þeir sögðu að kæmi,
hræzlan flaug um heljar byggir;
helga menn, er fjótrar spenna,
hlaut óvinrinn laust að láta,

lamdr og meiddr er valdið beiddi.

62. Hvað er tíðinda? hjálpaz lýðir.

Hvi nú? Þvi lét Jésús pinaz.

Hvað er tíðinda? Hraktr er fjandinn.

Hverr vann sigrinn? Skápari manna.

Hvað er tíðinda? Helgir leiðaz.

Hvert? Ágæt í tignarsæti.

Hvað er tíðinda? Himnar bjóðaz,

Hverjum? Oss, er prísunum krossinn.

63. Signað ljós inn sæti Jésú,

sannr lifgari dauðra manna,

drag þú mig frá djöfla bygðum,

drottinn bliðr, og halt mér síðan.

Ævinliga o. s. frv.

64. Sé eg ei þann, að út megi inna,

orða-snild þótt próva vildi,

alla gleði, er fekk að fullu

forn Ádám við Jésú kvámu;

sjálfr hann einn því að batt með bölvi

börn sin öll í dauðans pinu,

en nú leysti öll úr banni

eitt hans barn og miskunn veitti.

65. Hvi stundaðir, inn forni fjandi

fremdar snauðr, á Jésú dauða?

eða þóttiz þú meiri að mætti?

mátrinn hans að guðdóm vátta,

eða hugðir þú líkams lygðir?

líkam tók hann meyar ríkrar,

óverðugan hann flengdu fyrðar;

flekklausastr hann vann til ekki.

66. Þú fyrðæmdir auma Évam

Éva mann fyr epli bannað,

maðr bannsettur allar ættir,

ættin Krist, er spjóti nisti,

Kristur þig, þó er fant í fystu

fystan prett og manndráps lystir;

svó ódygðar-brandrinn bjúgi

beygðiz aptr í þína kjapta.

67. Síðan reis með sigri af dauða

sunnudag og görði kunnan

sinn ódauðleik mörgum manni

mildin sjálf, þótt deyja vildi;

tvennar gengu tvisvar sinnum

tiu dægranna rásir hægjar,

áðr en upp yfir himna-hæðir

hóf hann blóð, það er tók af móður.

68. Umrennandi sjau að sinnum

sjau daga grein og þar til einum

hingað sendi hann helgan anda

hreinferðugastan lærisveinum.

Vegsamligr til handar hægri

hann er guðs með virðing sanna,

sinn bjóðandi faðm inn friða

fyrða laðar til himna dyrðar.

69. Máriu son, fyr miskunn dýra

manns náttúru og líkam sannan

kenst þú við, að mín þú minniz,

minn drottinn, í ríki þínu.

Ævinliga o. s. frv.

70. Enn mun koma í öðru sinni

alls valdandi kóngr að gjalda

seggja ferðum sínar görðir

sóma-örr á efsta dómi.

Svó geisar þá eldr og eisa

jörð og fjöll, að í heimi öllum
eigi finz þá upp úr skjújum
óbrunnið og niðr að grunni.

71. Upp risöndum allra landa
ibyggiurum við dóm inn hryggva
Jésús mun þá sárin sýna
súthrærandi og pislarfæri.
Orð og hugsun, allar görðir
eru kannaðar hvers sem annars,
þjóðaz hvárki blót né eiðar,
byrgjaz úti gjafir og mútur.

72. Engi finz á þessu þingi
þrætugjarn né klókrar varnar
orðahreimr, er á drottins dómi
dreifaz menn í flokka tvænna;
aðra sveit með hæstum heiðri
hefr hann langt yfir sferas efri,
steypir þá með eynd og ópi
öðrum niðr í fjandann miðjan.

73. Reknir brott í dauðans druknun
drepnir menn, er þar skulu brenna,
gnista tennr í fylu og frosti,
fjandr í kring um búka standa.
Brigzl og hróp er að görvum glæpum,
grimmlig sótt í myrkri og ótta,
engi er vón á öðru en þínu,
eillíf nauð, en kvíkr er dauðinn.

74. Þessu í gegn mun finna fögnuð
fyrða hverr, er til sinnar dyrðar
herrann bauð með hæstri þryði;
heimleiddir því að verða beimar
ungir, glaðir, frjálsir, friðir,

færir, mátkir, vitrir, skærir;
hátið gild er um allar aldir
alda þeim með virðing haldin.

75. Tárurum rigni, en tungan þagni,
taki af mál, en þurftug sálin
beriz um fast svó búkrinn hristiz,
bið eg óttandi: hjálp mér dróttinn.
Ævinliga o. s. frv.

76. Tvó hræðumz eg: dóm og dauða;
deyr sá margr, er engi hjargar,
mitt eitt veit eg líf ið ljóta
leiða mig í drottins reiði.
Í margfaldri synda saurgan
sviður brjóst og hefndum kvíðir
fyr afbrigði flestra dygða;
fátt er það, er siðuna vátta.

77. Vindi fult hefir veslan anda
vört ofbeldið löngum feldan,
blár og ljótr í öfundar-eitri
jafnan hefi eg næsta kafnað.
Reiðigall með sárum sullum
sviðrar mér um blásin iðrin,
hrygðin slítr af hjartarótum
harðan styrk í súta-myrikri.

78. Festiz opt í fjúki lasta
frost ágirni mér í brjosti,
græðgi-drep með glæpum auðgum
grefz hér inn með krókum stinum;
hræðiliga með blindri bliðu
blekkiz hold í dauðans flekkun,
hrelldr af sliku ættig aldri
ugglaus vera, þótt miskunn huggi.

79. Fyrirlátið mér, faðir inn sæti
fyrirlátið mér, eg vil gráta
orð og hugsun, illar görðir
auðmjúkliga og firraz dauða;
því lýt eg nú þér að fótum
þröngdr og kvaldr, af mæðing taldri,
klökkur og hræddr eg þurfa þykkjumz
þína vægð i nauðsyn mína.

80. Svó fýsumz eg sæti Jésú,
synda líkn, að þeira myndir
lítaz mér sem liggja þrútið
linna eitru um hjartað innan.
Send hingað mér sjaufalds anda
sanna gipt, er leysi úr banni
mína önd, að mættig þjóna,
Máriu blóm, fyr ykrum sóma.

81. Laust aldri lát mig, Kriste,
lasta-vinds i bylja-kasti,
typta mitt og tem sem optast
tendrað brjóst með líknarvendi,
svó að grátandi fús að fótum,
faðir skinandi, krjúpig þínum
hvert það sinn, er eg kulda kenni
kostalaus af glæpafrosti.

82. Beiðig nú fyr Máriu móður
mjúka bæn og fagran tænað
á treystandi, Jésú Kriste,
yðra vægð, er týndum nægðiz,
þín mig áðr en dettr á dauði,
dróttinn minn, i kvölum og sóttum,
að því minnur sé eg þá síðan
slitinn af fjandans króki bitrum.

83. Lífið sjálft, að luktri ævi
leys mitt bann fyr iðran sanna,
óleó smurður veit að eg verða
viðr-kennandi mildleik þenna;
hreinast gef þú hjarta mínu
hold og blóð, er tókt af móður,
listiligasta leiðar nesti,
leysiz önd af holdsins böndum.

84. Hræðumz eg, að sárt muni sviða
samvizkunnar bygð af grunni,
sundruð öll, þá er syndir kalla
sína eign á hjarta mínu,
dökkvir munu þá fjanda flokkar
færaz nær með ópi og kæru,
búnir mig að brenna og skeina,
bita, kremja, rífa og slíta.

85. Muntu þetta, inn dýri drottinn,
djöfla sveitum nökkuð veita
mína önd að meiða og þína,
Máriu barn, en hjálpar varna?
Heitu og rauðu hjartablóði
hana leystir og því má eg treysta,
Jésú, þinni ást, er mönnum
öllum bauð til lífs frá dauða.

86. Heyr þú mig nú, himins og jarðar
háleit bygðin allra dygða,
megindrotningin manna og engla,
móðir guðs og blessun þjóða,
þá eg mæðumz i nógum nauðum,
nálæg ver þú minni sálu,
vef þú ágætu verndar skauti,
vón mín sönn, er hjálpar mönnum.

87. Mária, kreist þú mjólk úr brjóstum,
 mín drotning, fyr barni þínu,
 dreyrug föðurnum sýn þú sárin,
 sonr Máriu, er naglar skáru.
 Eg vænumz, að ykrum þjóni
 engi kvöl megi drotna lengi,
 miskunnar þá er mjúkust renna
 merkin slik um himnaríki.

88. Frammi stattu, er fæddir drottin,
 fyr skinanda barni þínu,
 miskunn bið þú að mjúka finni
 maðrinn hvern, en glæpi þverri.
 Ber þá framm af bliðum vörnum
 bænarmál fyr kristnum sálum,
 Mária, Jésú móðir dýrust,
 mundu að eigi skiljumz eg undan.

89. Þú ert hreinlífis dygðug dúfa,
 dóttir guðs og lækning sótta,
 giptu vegr og geisli lopta,
 gimsteinn brúða og drotning himna,
 guðs herbergi og gleyming sorga,
 gleðinnar past og eyðing lasta,
 líknar æðr og lifgan þjóða,
 loflig mær, þú ert englum hæri.

90. Þú ert elskandi ein af sprundum
 ágætust fyrir litillæti,
 um-bætandi bragna syndir,
 blessuð mær, þú ert drotni kærust.
 Þú ert hitnandi heilags anda
 höll og prýdd með dáðum öllum,,
 ei kennandi, kvitt af syndum,
 krapta þröng, en löstinn öngvan.

91. Mária, ert þú móðir skærust,
 Mária, lifir þú sæmd í hári,
 Mária, ert þú af miskunn kærust,
 Mária, létt þú syndafári,
 Mária, lit þú mein þau er vóru,
 Mária, lit þú klökk á tárin,
 Mária, græð þú mein en stóru,
 Mária, dreif þú smyrsl í sárin.

92. Tungusætr ef einnhverr ýta
 orðum hygð i kvæði að skorða
 mjúkan dikt að makligleikum,
 mín drotning, af heiðri þinum,
 því er líkast, sem rasi eða reiki
 ráðlaus seggr að ýmsum veggjum
 fældr og byrgðr, og feti þó hvergi
 fús í brott úr völundarhúsi.

93. Hræð af list þótt hvers manns yrði
 hold og bein að tungum einum,
 vindur, leiptr og grænar grundir,
 grös ilmandi, duptr og sandar,
 hagl og drif, sem fjaðrir, fuglar,
 fiskar, dýr, sem holt og mýrar,
 hár og korn, sem heiðar stjörnur,
 hreistr og ull, sem dropar og gneistar,

94. viðr og grjótr, sem staðir og stræti,
 strengir, himnar, lopt og englar,
 orma sveit og akrar hvítir,
 jurtir, málmr og laufgir pálmar
 augabragð þótt aldri þegði,
 allar þær af fyrnsku væri
 máðar, fyrr en Máriu prýði
 mætti skýra fullum hætti.

95. Mária vertu mér í hjarta,
mildin sjálf, því að gjarna vildag,
blessuð þér, ef mættig meira,
margfaldastan lofsöng gjalda.
Loflig orð í ljóðagörðum
listilig af móður Kristí
öngum tjáir að auka lengra:
einn er drottinn Máriu hreinni.

96. Inn krossfesti, kraptr inn hæsti,
Kristr, er fjórir broddar nistu,
þér býð eg og þinni móður
þetta verk, er í einn stað settag.
Þá látið mig þessa njóta
þröngskorðaðra kvæðisorða,
er þið sjáið mig öllu varða,
öndin mín að forðiz þínu.

97. Veri kátar nú virða sveitir;
vættig þess, í kvæðis hætti
vórkynni, þótt verka þenna
vandag miðr, en þætti standa;
varðar mest til allra orða,
undirstaðan sé réttlig fundin,
eigi glögg þótt eddu regla
undan hljóti að vikja stundum.

98. Sá, er óðinn skal vandan velja,
velr svó mörg í kvæði að selja
hulin fornyrðin, að trautt má telja,
tel eg þenna svó skilning dvelja.
Vel því að hér má skýf orð skilja,
skili þjóðir minn ljósan vilja,
tal óbreytiligt veitt af vilja,
vil eg að kvæðið heiti Lilja.

99. Sannri ást og sætu brjósti
sinni rétt fyr hjálp og minni
segi Máriu hverr, er heyrir,
hennar vess, á diktan þessa;
verða kann, að mærin minniz
mín, þá er ligg eg kvaldr í þínu,
herr mig þar til vón, á vörum
vist ef léki á *dóminús tēcum*.

100. Almáttigr guð, allra stétta
yfirbjóðandi engla og þjóða
ei þurfandi stað né stundir,
staði haldandi í kyrleiks valdi,
senn verandi úti og inni,
uppi og niðri og þar í miðju,
lof sé þér um aldr og ævi,
eining sönn í þrennum greinum.

Athugasemd um málið.

Eysteinn ritaði eða hafði það mál, sem var alment ritað og talað á 14. öld á Íslandi. Sjálfur er hann fullur af aðdáun fyrir málinu („í þviliku móðurmáli“), sem hann eftir fornum sið nefnir „danska tungu“. En íslenskan á 14. öld var orðin allmjög breytt frá því á dögum Snorra t. d. Ýms ný orð voru komin inn í hana (íbyggjari, fyrirláta, fyrirbjóða, yfirbjóðandi, yfirmeistari og fleiri þess konar orð; yfir höfuð hin mikla notkun hluttaksorða bæði sem eiginlegra hluttaksorða og nafnorða), og sum miklu fyrr en á 14. öld (t. d. offr, offra, letr, písl, náttúra, pina, nafno. og sagno., persóna og fleiri; öll þessi orð má finna í Lilju). Fornar orðmyndir voru nú breyttar (ok í og, at í að, -r í endingum að -ur; þó voru eldri myndirnar enn kunnar og notaðar í viðlögum; þolfallsmyndin feðr er allúng; v framan við o og u: vóxu, vunnin, vundin, vorðin, vyrði — alt í Lilju). Mart fleira mætti til nefna þess konar, er nýjabrum er á. Eysteinn við hefur allmikið af útlendum orðum; alveg latínsk orð koma fyrir: rósa, firmamentum (festing), baptista, sferas (þolfall fit., himna), óleo (þágufall); önnur útlend orð bæði úr latínu og þýsku eru: diktr, diktan, mekt, múr, innsigli, þúki, past (næring), vess; Júðar; klókr, kvittr (laus við), réttferðugr, hreinferðugr, próva (þrisvar), forma (mynda), dikta, þrísar, pressað, pentað; ennfremur má nefna: stétt, plógr (=gróður). Öll eða flest þessi orð oru komin fyrst inn í norskuna, og með Norðmönnum (norskum biskupum og fylgdarliði þeirra; Gyrður var norskur, sem getið var) hafa þau flust til Íslands og orðið þar innligsa, þótt sum þeirra hafi síðar horfið aftur. En til Noregs voru þau komin sunnanað eða úr bókum (latínskum). Um 1300 var norskun orðin mjög spilt.

28, *áve* (lat. *ave*) = heill (þjer); 99, *dominus tecum* = guð (er) með þjer. Úr lat. setningu, er öll hljóðaði: Ave Maria, gratia plena, dominus tecum = Heil M., full náðar, guð o. s. frv.